

Erindisbréf

Siðanefndar stjórnýslurannsókna á Landspítala

Við Landspítala starfar siðanefnd stjórnýslurannsókna sem fjallar um allar rannsóknarbeiðnir og rannsóknaráætlanir, sem ekki falla undir siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala sem skipuð er samkvæmt lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 44/2014. Siðanefnd stjórnýslurannsókna starfar á ábyrgð forstjóra Landspítala og hefur nán tengsl við siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala.

Tilgangur nefndarinnar er að leiðbeina, meta og veita samþykki fyrir rannsóknum sem fram eiga að fara innan spítalans, frá siðfræðilegu og vísindalegu sjónarmiði og gæta þannig hagsmuna þátttakenda og um leið stofnunarinnar. Niðurstöðum nefndarinnar má áfrýja til forstjóra Landspítala.

Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum til fjögurra ára í senn. Einn fulltrúi er tilnefndur af siðanefnd heilbrigðisrannsókna Landspítala. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af forstjóra, skal annar þeirra vera formaður nefndar. Nefndin getur tilnefnt tengilið sem annast samskipti við rannsakanda og tryggir tengingu verkefnisins við starfsemi Landspítala.

Nefndin skal starfa samkvæmt starfsreglum siðanefndar heilbrigðisrannsókna á Landspítala eftir því sem við á þannig að kröfur til rannsóknáætlana og vinnuaðferða séu sambærilegar og skal vera náið samstarf milli formanna nefndanna. Fundargerðir skulu skráðar og skulu afgreiðslur nefndarinnar vera aðgengilegar starfsmönnum og stjórnendum á vef spítalans.

Nefndina skipa:

Brynja Ingadóttir, sérfræðingur í hjúkrun og formaður, skipuð af forstjóra.

Gunnar Rúnar Matthíasson, deildarstjóri sálgaeslu sjúkrahúspresta og -djákna skipaður af forstjóra.

Aðalbjörg Guðmundsdóttir, lögfræðingur skipuð af siðanefnd heilbrigðisrannsókna á Landspítala.

16. maí 2023



Runólfur Pálsson
forstjóri Landspítala